


Ný skýrsla Eurydice

Starfsumhverfi og regluverk fyrir notkun vísindalegra gagna til stefnumótunar í menntun

Starfsumhverfi og regluverk fyrir notkun vísindalegra gagna til stefnumótunar í menntun



Eigi stefnumótun að byggja á vísindalegum sönnunum þarf að ganga úr skugga um að þau gögn sem liggja þeim til grundvallar séu góð og gild, eigi stefnumótunin á annað borð að hafa áhrif. Hvers konar gögn liggja stefnumótun í menntamálum til grundvallar? Hvað er líkt og hvað ólíkt með þeirri aðferð sem ríki Evrópu nota til að greina og nýta vísindaleg gögn? Hvers konar reglurammi er til staðar um notkun vísindalegra gagna í stefnumótunarvinnu?

Eurydice hefur nú gefið út *Regluverk fyrir notkun vísindalegra gagna í stefnumótun fyrir menntakerfi* (e. *Support Mechanisms for Evidence-based Policy-Making in Education*) sem veitir frumniðurstöður. Skýrslan veitir yfirsýn yfir afar flókið samspil og að auki samanburð á milli stofnanna og aðferða sem notaðar eru í stefnumótun sem byggð er á vísindalegum gögnum, hversu aðgengileg gögnin eru og hvernig farið er með þau í stefnumótunarvinnu. Kynnt eru dæmi um hvernig vísindaleg gögn eru notuð til mótunar stefnu í hverju þáttökulandi Eurydice.

Vertu með okkur á samfélagsmiðlum!



[Eurydice verkefnið á Facebook](#)



Fylgstu með á Twitter

[#EurydiceEU](#) og [@EUErasmusPlus](#)

Hver erum við?

Helstu verkefni Eurydice eru að veita áreiðanlegar upplýsingar og alhliða greiningu á evrópskum menntakerfum og stefnum þeirra. Dregin er upp lýsing á menntakerfum landanna, fjallað er um samanburðarrannsóknir á einstaka viðfangsefnum, mælikvörðum og tölfræði. Með þessari vinnu stefnir Eurydice á að efla skilning, samvinnu, traust og hreyfanleika á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Allt efni sem Eurydice gefur út er fánlegt án endurgjalds á heimasíðu Eurydice. Landskrifstofa hvers þáttökulands safnar saman upplýsingum og aðstoðar við greiningu og úrvinnslu þeirra. Evrópuskrifstofan samræmir starfsemi tengslanetsins en hún er starfrækt á vegum EU Education, Audiovisual and Culture Executive Agency í Brussel.